Tæmingargjald fyrir rotþró sem er 6,6 m^3 eða stærri er kr. 11.750 að viðbættum kr. 2.500 fyrir hvern byrjaðan rúmmetra umfram 6,6.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en kr. 7.750 af hverri húseign.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Sé vegalengdin meiri er heimilt að krefja eiganda fráveitunnar um álag á þjónustugjaldið sem nemur 25%.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

3. gr.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs þann 16. febrúar 2005, og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 2. mars 2005, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 3. mars 2005.

Anna Björk Hjaltadóttir, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

Nr. 302 7. mars 2005

AUGLÝSING

um breytingu á námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur í samræmi við auglýsingu um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla nr. 274/1999 og auglýsingu um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum, nr. 661/2004, staðfest breytta útgáfu gildandi námskrár fyrir sérdeildir framhaldsskóla, starfsbrautir, sem kemur í stað samnefndrar námskrár frá árinu 2000. Í námskránni er skilgreint allt að fjögurra ára nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla.

2. gr.

Framhaldsskólar skipuleggja námsleiðir á starfsbrautum miðað við forsendur nemendahópsins og sérstöðu hvers skóla. Samsetning námsins og fjöldi eininga í hverri námsgrein getur því verið mismunandi eftir skólum og einnig eftir einstaklingum því kennslan er einstaklingsmiðuð bæði er varðar innihald og tímalengd. Hér er sýnt dæmi um útfærslu. Hún sýnir einungis hvernig nám á starfsbraut gæti litið út. Hver skóli skilgreinir eigin útfærslu á starfsbraut og birtir í skólanámskrá.

Námsáfangar á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla eru:

Bókfærsla		**2 ein.**
Bókfærsla	BÓK 1S1, 2S1	2 ein.
Tungumál		**4 ein.**
Enska	ENS 1S1, 2S1, 3S1, 4S1	4 ein.
Heilbrigðisfræði		**2 ein.**
Heilbrigðisfræði	HBF 1S1, 2S1	2 ein.
Íþróttir		**8 ein.**
Íþróttir og sund	ÍÞR 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S1, 6S1, 7S1, 8S1	8 ein.
Lífsleikni		**12 ein.**
Lífsleikni	LKN 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	12 ein.
Íslenska		**16 ein.**
Íslenska (og/eða táknmál)	ÍSL 1S2, 2S2, 3S2, 4S2, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	16 ein.
Ritvinnsla og tölvufræði		**5 ein.**
Tölvufræði	TÖL 1S1, 2S1, 3S1, 4S1, 5S1	5 ein.
Samfélagsgreinar/ Náttúrufræði		**4 ein.**
	FÉL/NÁT 1S1, 2S1, 3S1, 4S1	4 ein.
Skyndihjálp og endurlífgun		**1 ein.**
Skyndihjálp	SKY 1S1	1 ein.
Stærðfræði		**16 ein.**
Stærðfræði	STÆ 1S2, 2S2, 3S2, 4S2, 5S2, 6S2, 7S2, 8S2	16 ein.
List og verkgreinar		**20 ein.**
Val nemanda og skóla t.d.	AVV, FAT, RAF, HEI, MYN, SJL, TÓN, TRÉ, LEI söngvakeppni, stuttmyndasamkeppni	20 ein.
Sérgreinar brautarinnar		**50 ein.**
Starfsnám í skóla	SAT 1S2, 2S2, 3S2	6 ein.
Starfsnám á vinnustað	STV 1S3, 2S3, 3S3, 4S3, 5S5, 6S5, 7S5, 8S5	32 ein.
Sérgreinar að vali skóla,	t.d. undirbúningur ökunáms, hestamennska, upplýsinga- og samskiptatækni	12 ein.
	Alls:	**140 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla skv. námskrá þessari hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám á starfsbrautum sérdeilda framhaldsskóla, á grundvelli fyrri námskrár, er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Nr. 303 7. mars 2005

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1702 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum snyrtigreina, hársnyrtiiðn (HG9).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í hársnyrtiiðn verður sem hér segir:

Hársnyrtiiðn (HG8) **168 ein.**

Iðnnám á verknámsbraut

Hársnyrtiiðn er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Markmið námsins er að gera nemendur færa um að veita þá alhliða þjónustu sem í boði er á hársnyrtistofum á hverjum tíma. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar		**24 ein.**
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	DAN 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 +1 ein.	5 ein.
Sérgreinar		**72 ein.**
Blástur	BLS 101 201 301 401 501	5 ein.
Háralitun	HLI 101 202	3 ein.
Hárgreiðsla	HGR 103 203 303 402 503	14 ein.
Hárþvottur og snyrting	HÞS 101	1 ein.